

Þess verður og vel að gæta, að einungis þetta spursmál liggur undir mat fúgetarjettarins, en ekki það, hvort hin framlögðu reikningsskil sjeu alveg rjett eða viðunanleg fyrir dómhafanda.

Hinn áfrýjaða úrskurð ber því að staðfesta og áfrýjandanum að greiða málskostnað til hins stefnda með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fúgetaúrskurður á óraskaður að standa. Áfrýjandanum, landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni, ber að greiða hinum stefnda, Egli borgara Egilson, 20 kr. í málskostnað hjer fyrir yfirdóminum innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marzmán.

Nr. 3/1879:

Híð opinbera

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði eptir skipun amtsins gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, eiganda laxveiðarinnar í Elliðaánum, fyrir það, að veiðiáhöld þau, er hann hefur notað til laxveiða í tjeðum ám, eigi sjeu svo gjörð, sem fyrir er mælt í viðaukalögum við Jónbókar landsleigubálk 56. kapítula, um friðun á laxi, dagsettum 11. maí 1876, þar sem hvervetna í laxakistum hans í nefndum ám sje styttra á milli rimlanna en svo, að 9 þumlunga gildur lax geti smogið þær, og er hinn kærði með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. dag nóvembermán. f. á., dæmdur í 30 kr. sekt til

sveitarsjóðs Seltjarnarneshrepps, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns; en þeim dómi er bæði eptir ósk hins kærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Öll rannsókn þessa máls er í því fólgin, að hlutaðeigandi sýslumaður hefur eptir skipun amtsins látið fram fara skoðunargjörð á veiðivjelum hins kærða í Elliðaánum, og er sú skoðunargjörð framkvæmd af tveimur trjesmiðum í Reykjavík, sem til þess voru kvaddir fyrir aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í skoðunargjörð þessari segir, að milli rimlanna í neðri kistunni í norðuránni sjeu 2 þumlungar, og milli rimlanna í efri kistunni í sömu á  $1^{8/12}$  þumlungs, en um millibilið milli rimlanna í kistunum í suðuránni er ekki getið; sömuleiðis segir þar, að í kistunni í suðuránni sjeu lengd rimlanna í hverri grind um sig 1 alin og 11 þumlungar og í nyrðri kistu í sömu á 1 alin og 14 þumlungar; en um lengd rimlanna í kistunum í norðuránni er ekki getið. Þessu næst lýsa skoðunarmennirnir yfir því álitu, að 9 þumlunga digur lax geti ekki smogið milli þeirra rimla, sem skemmra er á milli en  $2^{1/4}$  þumlungs, án þess þó að tilgreina neinar ástæður fyrir því álitu sínu, enda virðist það ekki á nægum rökum byggt, því að það er auðsætt, að laxinn, sem er sporöskjumyndaður ummáls, þarf, þegar hann er 9 þumlunga gildur, meira en  $2^{1/4}$  þumlungs löðrjett millibil milli rimlanna í kistunum til þess að geta smogið þær, ef hann syndir á kviðnum, en að hann hinsvegar hvergi nærri þarf  $2^{1/4}$  þumlungs millibil, ef hann leggur sig á hliðina þegar hann smýgur milli rimlanna, og opið í grindunum lárjett er nægilegt, eins og á sjer stað um laxakistur hins kærða. Þegar nú hjer við bætist, að engin rök eru leidd að því

gegn neitun hins kærða, að skoðunarmennirnir beri skyn á laxveiði í laxakistum, og þeir þar á ofan ekki hafa unnið eið að skoðunargjörð sinni, nje einusinni viðurkennt hana fyrir rjetti, þá verður hún ekki tekin til greina sem næg sönnun fyrir því, að 9 þumlunga gildur lax geti ekki smogið milli rimlanna í veiðivjelum hins kærða í Elliðaánum. Með því nú að 5. gr. í ofanefndum viðaukalögum 11. maí 1876 að eins mælir svo fyrir, að milli rimla í grindum, sem í veiðivjelum eru hafðar, skuli vera svo mikið bil, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, geti smogið grindurnar, en ekki til tekur nákvæmar, hvað stórt bilið þurfi að vera til þess að lax með þessum gildleika geti smogið þær, og heldur engar nægar upplýsingar um þetta atriði eru fram komnar undir máli því, sem hjer er áfrýjað, þá ber þegar af þessari ástæðu að dæma hinn kærða sýknan af ákærum hins opinbera í máli þessu, án þess að þörf gjörist að rannsaka, hvort sú sýknaarástæða hins kærða sje á rökum byggð, að nefndar lagaákvæðanir nái ekki til laxveidarinnar í Elliðaánum af því að hún er eign eins einstaks manns.

Eptir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan kostnað af því úr opinberum sjóði, þar með talin málsfærslulaun til sóknara fyrir yfirdóminum og svaramanns fyrir undir og yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. handa hinum fyrnefnda og 25 kr. handa hinum síðarnefnda.

Við rekstur málsins í hjeraði er það athugandi, að terminus executionis vantar í undirrjettardóminn, og að stefnurnar til yfirdómsins ekki eru ritaðar á sjálfar dómsgjörðirnar, heldur á eptirrit af dómnum, að öðru leyti hefur hann verið vítalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, á að vera sýkn af ákærum hins opinbera. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara fyrir yfirdóminum, málsfærslumanns Jóns Jónssonar, 10 kr., og til svaramanns fyrir undir og yfirdómi, málsfærslumanns Páls Melsteðs, 25 kr., greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 5/1879.

Hið opinbera  
gegn  
Sveini Jónssyni.

Dómur:

Með úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík sem hlutaðeigandi dómara, kveðnum upp 20. jan. þ. á., er ákveðið, að setja skyldi Svein Jónsson í gæzluvarðhald. Þessum úrskurði hefur eptir ósk Sveins Jónssonar verið skotið til yfirdómsins.

Sveinn Jónsson var grunaður um að hafa brotið allmörg gatnaljósker hjer í bænum, og átti sá grunur að styðjast við talsverðar líkur. Með því þetta afbrot, sem gaf tilefni til að hepta Svein, getur samkvæmt 296. grein hegningarlaganna varðað þyngri hegningu en sektum eða einföldu fangelsi, virðist ekki ástæða til að breyta hinum áfrýjaða úrskurði, heldur ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessum úrslitum ber Sveini Jónssyni að greiða allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærzlulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus. Viðvíkjandi sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum, er